



## Ársskýrsla æskulýðsnefndar LH 2016

Æskulýðsnefnd hefur á að skipa sömu nefndarmeðlimum og árið á undan en það eru þau Andrea Margrét Þorvaldsdóttir úr Létti, Sóley Margeirsdóttir úr Mána, Stefán Ármannsson úr Dreyra, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir úr Fáki auk undirritaðrar. Nefndin hefur fundað eftir þörfum á síðasta starfsári.

Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru að auglýsa og velja umsækjendur á FEIF Youth Cup sem haldið var í Hollandi í ár, velja handhafa æskulýðsbikars LH, ásamt því að afgreiða þau erindi sem vísað var til nefndarinnar.

### **Youth Cup Exloo, Hollandi**

Þetta árið fóru 8 unglingar frá Íslandi á FYCup sem haldið var í lok júlí í Hollandi. Alls voru keppendur 78 frá 15 aðildarlöndum FEIF. Mótið heppnaðist vel þrátt fyrir einhverja rigningu alla dagana en þátttakendur gistu í tjöldum sem reyndist alls ekki vel í því veðri, svo ekki sé meira sagt. En okkar krakkar létu það nú ekki á sig fá enda ýmsu vön og komu heim með 3 gull og 2 silfur auk nokkurra bronspeninga. Þau náðu flest inn í A og B úrslit sem telst mjög góður árangur á lánshestum.

Við sjáum það ár eftir ár á þessum alþjóðlegum mótum hvað við eigum frábæra reiðmenn og sterka keppendur, því alltaf ná þau langt og það á hestum sem þau hafa aðeins riðið í örfáa daga.



*Á leið á setningarathöfn: Arnar Máni, Viktoría, Anton Hugji, Freyja, Thelma Dögg, Rósa Kristín, Svanhildur, Ylfa Guðrún og fararstjórinn Andrea Margrét*

## **Ungir leiðtogar – námskeið**

Í lok október mun Æskulýðsnefnd FEIF standa fyrir námskeiði fyrir ungmenni á aldrinum 18 – 26 ára í samstarfi við æskulýðsleiðtoga Svíþjóðar. Tilgangurinn er að efla leiðtoga framtíðarinnar og vill FEIF hvetja það áfram. Æskulýðsnefnd FEIF er að setja saman röð námskeiða þar sem verða þróaðar og kenndar leiðir til að æfa leiðtogahæfni í samskiptum við bæði hesta og menn. Hvernig byggi ég upp lið? Hver er munurinn á því að vinna saman sem lið og samstarfi? Hvernig á ég að eiga samskipti á efsta stigi? Þetta er fyrsta námskeiðið í þessari námskeiðaröð og verða þátttakendur um 30.

## **Æskulýðsbikar LH**

Æskulýðsbikarinn LH er veittur því félagi sem skara hefur þótt framúr í æskulýðsstarfi síðastliðins starfsárs og hefur verið afhentur frá árinu 1996.

Árlega senda félögin inn skýrslur þar sem æskulýðsstarfinu í félögunum eru gerð skil og er valið unnið úr þeim skýrslum. Skýrslurnar er hægt að lesa á heimasíðu LH undir æskulýðsmál.

Á formannafundi LH 2015 hlaut hestamannafélagið Sprettur bikarinn fyrir gróskumikið og öflugt æskulýðsstarf.

Þau félög sem hlotið hafa æskulýðsbikarinn til þessa:

1996 <i>Léttir</i>	2004 <i>Blær</i>	2012 <i>Sleipnir</i>
1997 <i>Gustur</i>	2005 <i>Andvari</i>	2013 <i>Sindri</i>
1998 <i>Sörli</i>	2006 <i>Léttir</i>	2014 <i>Fákur</i>
1999 <i>Hörður</i>	2007 <i>Máni</i>	2015 <i>Sprettur</i>
2000 <i>Freyfaxi</i>	2008 <i>Þytur</i>	
2001 <i>Máni</i>	2009 <i>Dreyri</i>	2016 ?
2002 <i>Smári</i>	2010 <i>Logi</i>	
2003 <i>Fákur</i>	2011 <i>Hörður</i>	

## **Framundan**

### **Fundarherferð / ráðstefna**

Okkur nefndarfólki finnst við þurfa að nálgast æskulýðfulltrúana sem starfa um allt land og höfum lagt drög að ráðstefnu tvisvar en frestað henni í bæði skiptin vegna lélegrar þátttöku. Við höfum fullan skilning á því að það hefur í för með sér kostnað fyrir félögin að fara til Reykjavíkur með ferðum og gistingu. Við höfum því hugsað okkur að fara í ferð um landið og boða til fundar með æskulýðsfólki á nokkrum stöðum á landinu.

Slíkir fundir eru mjög góðir til að hitta fólk á þeirra heimslóðum en með ráðstefnu væru allir æskulýðsfulltrúar samankomnir á einum stað og þar gætu þeir lært hver af öðrum. Við stefnum á þessa fundarferð á nýju ári.

### **Feif Youth Cup og Camp**

Feif Youth Camp verður haldið í Belgíu á næsta ári og er það í fyrsta sinn sem Belgía heldur Campinn.

Feif Youth Cup verður síðan árið 2018 í Svíþjóð, nánar tiltekið í suðurhluta landsins.

Eins og áður erum við í æskulýðsnefndinni erum alltaf opin fyrir öllum þeim verkefnum sem styrkja og styðja æskulýðsmálefni og hvetjum þá sem óska eftir samvinnu eða hafa verkefni fyrir okkur að hafa samband og minnum á að verkefni nefndarinnar er að vera æskulýðsfulltrúum innan handar í þeirra starfi.

f.h. Æskulýðsnefndar LH

Helga Björg Helgadóttir formaður